



Skoðaðu vefsíðu Evrópunets dómstóla

www.ejn-crimjust.europa.eu

Á vefsíðu Evrópunets dómstóla má finna allar viðeigandi upplýsingar á sviði dómstólasamstarfs í sakamálum. Hún býr einnig yfir stórum verkfærakassa fyrir sérfræðinga, þar á meðal:

- ▶ **Atlas**
til að finna lögbær stjórnvöld til að senda beiðnir;
- ▶ **Compendium**
til að búa til beiðnir á netinu;
- ▶ **Fiches Belges**
til að finna almennar lögfræðilegar og hagnýtar upplýsingar um réttarfars- og rannsóknarráðstafanir í öllum löndum Evrópusambandsins;
- ▶ **Dómbókasafn**
til að finna ítarlegar upplýsingar um Evrópusambandið og alþjóðlega lagagerninga.

EJN
Evrópunet dómstóla
Connecting Justice



Aðalskrifstofa Evrópunets dómstóla

Johan de Wittlaan 9 · 2517 JR Haag · Hollandi
Fax: +31 (0) 70 412 5570
Netfang: ejn@eurojust.europa.eu



www.ejn-crimjust.europa.eu

Hvað er Evrópunet dómstóla?



Evrópunet dómstóla er samstarfsnet innleindra samstarfsaðila - saksóknara, dómara, fulltrúa dómsmálaráðuneyta og löggæslufirvalda - sem hefur það verkefni að stuðla að alþjóðlegu dómstólasamstarfi í sakamálum.

Evrópunet dómstóla tók til starfa 1998 og er litið á innlenda samstarfsaðila Evrópunetsins sem mikilvægan hlekk í dómstólasamstarfi í viðkomandi löndum en fjöldi skráðra mála á árabílinu 2010 til 2020 fór yfir 90 000 mál.

Aðalskrifstofa Evrópunets dómstóla fer með stjórnslu og tryggir samfellu í Evrópuneti dómstóla og að það geti sinnt hlutverki sínu.

Fáðu hjálp Evrópunets dómstóla:

- finndu upplýsingar um og settu þig beint í samband við lögbær staðbundin yfirvöld í öðrum aðildarríkjum til að senda þeim beiðni;
- finndu samskiptaupplýsingar fyrir yfirvöld í öllu Evrópusambandinu og um allan heim;
- settu þig í samband við erlend starfssystkin til að fá lögfræðilega aðstoð við rétta nálgun að dómstólasamstarfi í sakamálum;
- fáðu lögfræðilegar og hagnýtar upplýsingar um dómstólasamstarf;
- kynntu þér ítarlegar upplýsingar um lagagerninga Evrópusambandsins um dómstólasamstarf, þar á meðal dómafordæmi.

Evrópunet dómstóla stuðlar að samstarfi

- Innlendir samstarfsaðilar Evrópunets dómstóla finna og koma á beinum samskiptum á milli yfirvalda í Evrópusambandinu og veita lögfræðilegar og hagnýtar upplýsingar um dómstólasamstarf.
- Evrópunet dómstóla gerir sérfræðingum kleift að hafa samband við starfssystkin sín um allan heim.
- Evrópunet dómstóla heldur úti öruggum símalínum til að aðstoða innlendu samstarfsaðilana í vinnu sinni.
- Evrópunet dómstóla stendur fyrir umræðuvettvangi fyrir hagnýt og lögfræðileg vandamál sem koma upp í dómstólasamstarfi:
 - til að bæta hagnýta beitingu á lagagerningum
 - skapa gagnkvæmt traust á milli aðildarríkja
 - til að senda álit sérfræðinga til viðeigandi stofnana Evrópusambandsins.

Evrópunet dómstóla og samstarf sérfræðinga



- Evrópunet dómstóla stendur fyrir fimm fundum á vettvangi Evrópusambandsins á ári svo sérfræðingar geti kynnst hver öðrum, myndað fagleg sambönd og sinnt beiðnum um dómstólasamstarf á staðnum.
- Evrópunet dómstóla stuðlar að sameiginlegri nálgun að dómstólasamstarfi á milli fulltrúa mismunandi lagakerfa.
- Evrópunet dómstóla aðstoðar við fjármögnun og skipulagningu svæðisbundinna og innleindra funda Evrópunets dómstóla.



Evrópunet dómstóla og aukin þekking

- Evrópunet dómstóla stendur fyrir:
 - námskeiðum um tungumál, þar á meðal efnisreglur dómstólasamstarfs
 - vinnusmiðjum fyrir sérfræðinga um hagnýta beitingu lagagerninga.
- Evrópunet dómstóla býður upp á opinn aðgang að ítarlegri skrá yfir lagagerninga Evrópusambandsins, viðeigandi dómafordæmi og stoðefni.

